



Akraneskaupstaður



Lokaskýrsla Akraneskaupstaðar

Um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
í gegnum verkefnið

Barnvæn sveitarfélög


Akraneskaupstaður

2025



Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Stöðumat.....	6
Aðgerðaáætlun.....	8
1. Aðgerð: Farsælt frístundastarf fyrir öll börn	10
2. Aðgerð: Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna og ungmenna.....	12
3. Aðgerð: Útikennslusvæði í skógrækt	14
4. Aðgerð: Fræðsla um barnaverndar- og farsældarþjónustu	16
Fræðsluáætlun um barnavernd og farsældarþjónustu.....	17
5. Aðgerð: Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni	18
a. Þátttaka er samvinna.....	18
b. Draumaskólinn	19
c. Krakkar með krökkum.....	21
6. Aðgerð: Forvarnaráætlun fyrir börn og ungmenni á Akranesi.....	23
7. Aðgerð: Forvarnarverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum.....	25
8. Aðgerð: Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna á Akranesi	27
9. Aðgerð: Leiktæki fyrir fötluð börn.....	28
10. Aðgerð: Spjallaraverkefnið	30
11. Aðgerð: Stækkun sleðabrekku.....	32
12. Aðgerð: Ungmennaráð Akraness	34
13. Aðgerð: Skipan tengiliðs á fjármalasviði fyrir verkefni tengd barnavænu sveitarfélagi	36
14. Aðgerð: Bæjarhátíðir í barnvænu sveitafélagi.....	38
15. Aðgerð: Barna- og ungmennapíng – verklag	40
16. Aðgerð: Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins	41
17. Aðgerð: Yfirfara stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar m.t.t. réttinda barna	43
Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla Akraneskaupstaðar	44
Barnaskýrsla	46



Samantekt48



Inngangur

Akraneskaupstaður hefur frá árinu 2021 unnið markvisst að því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélagsins í gegnum verkefnið *Barnvæn sveitarfélög*, í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Verkefnið byggir á víðtækri og samþættri nálgun með það að markmiði að tryggja börnum virka þátttöku, fræðslu um réttindi sín og jafnt aðgengi að þjónustu – sérstaklega fyrir börn í viðkvæmri stöðu.

Innleiðingin fór formlega af stað með skipan stýrihóps og ráðningu verkefnastjóra haustið 2021 og var samhliða unnið að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (Farsældarlaga). Ítarlegt stöðumat leiddi í ljós tækifæri til umbóta og lagði grunn að aðgerðaáætlun fyrir árin 2023–2025, þar sem áhersla var lögð á inngildingu, þátttöku barna, fræðslu og jöfn tækifæri.

Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á stjórnsýslu Akraneskaupstaðar, stuðlað að þverfaglegu samstarfi og markvissari verkferlum. Börn og ungmenni hafa tekið virkan þátt, meðal annars í gegnum barnaþing og sérfræðihópa, og sýnt vilja til að skapa barnvænna umhverfi. Þrátt fyrir góðan árangur og meðbyr með verkefninu, hefur innleiðingarferlið einnig dregið fram áskoranir, svo sem þörf á frekari fræðslu og skýrari verkferla sem tryggja merkingabæra þátttöku barna.

Áhrif verkefnisins eru þegar farin að koma fram í breyttum vinnubrögðum og aukinni þátttöku barna í ákvörðunum. Framundan er áframhaldandi vinna að því að festa þessar breytingar í sessi og halda áfram að efla Akranes sem samfélag þar sem réttindi barna eru virt og rödd þeirra hefur raunverulegt vægi.



Stöðumat


Umfangsmikið stöðumat fór fram á árunum 2021-2023 þar sem unnið var með leiðbeinandi spurningalista, lagðar voru fyrir spurningakannanir, haldið barna- og ungmennapíng og tekin viðtöl við sérfræðihóp barna.

Stýrihópur verkefnisins vann sameiginlega að svörum við spurningalistum UNICEF, þar sem þátttaka ungmennaráðs reyndist sérstaklega dýrmæt. Niðurstöðurnar sýndu að sveitarfélagið hafði fram að þessu ekki sinnt nægilega vel fræðslu um réttindi barna né formlegu samráði við börn. Þá reyndist starf ungmennaráðs fremur vannýtt og án skýrra verkferla.

Spurningakannanir voru lagðar fyrir bæði nemendur í 5.–10. bekk og starfsfólk Akraneskaupstaðar. Svör barna leiddu í ljós að þekking þeirra á Barnasáttmálanum var takmörkuð og margir upplifðu að ekki væri hlustað nægjanlega á raddir þeirra. Sérstaklega kom fram að aðeins helmingur þátttakanda taldi réttindi sáttmálans eiga við sig sjálf. Starfsfólk hafði meiri þekkingu á Barnasáttmálanum og vilji var meðal þeirra til að efla réttindi barna, þó kom í ljós að þau töldu skort vera á fræðslu um tilkynningaskyldu til barnaverndar og viðbrögðum við ofbeldi gegn börnum.

Barna- og ungmennapíngið, haldið í nóvember 2022, gaf börnum raunverulegt tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Þar kom fram ósk um meiri fræðslu, betri aðgengi að stuðningi í skólum, virkara ungmennaráð og aukið lýðræðislegt rými fyrir börn. Sérstaklega var kallað eftir fleiri sameiginlegum viðburðum, betri aðstöðu til frístunda og bættri innviðaþjónustu fyrir börn og ungmenni. Þingið er árlegur viðburður á Akranesi og var einnig haldin 2023 og 2024 og verður áframhaldandi viðburður á ári hverju.

Sérfræðihópur barna af pólskum uppruna lýsti bæði jákvæðri upplifun af lífinu á Akranesi og skýrum áskorunum, m.a. fordómum og skertu aðgengi að stuðningi. Rýnihóparnir undirstrikuðu mikilvægi þess að hlustað sé á börn úr fjölbreyttum hópum og jafnræði ávallt tryggt í þjónustu og viðmóti.




Stöðumat Akraneskaupstaðar var árangursríkt og veitti mikilvæga innsýn í stöðu barna og réttinda þeirra innan sveitarfélagsins. Meðvituð samþætting innleiðingar Barnvæns sveitarfélags og farsældarlaganna styrkti verkefnið og lagði grunn að framtíðarsýn þar sem þjónusta við börn er barnamiðuð, heildræn og réttindamiðuð. Niðurstöður stöðumatsins voru lykilstoð við gerð aðgerðaáætlunarinnar.



Aðgerðaáætlun

Akraneskaupstaður hefur mótað ítarlega aðgerðaáætlun til að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi bæjarins. Áætlunin byggir á niðurstöðum stöðumats, samráði við börn og ungmenni, rýnihópum og spurningakönnunum. Hér að neðan eru tilgreindar þær aðgerðir sem stýrihópur verkefnisins hefur forgangsraðað, settar fram í númeruðum lista:

1. **Farsælt frístundastarf fyrir öll börn** – stuðla að aukinni þátttöku allra barna í íþrótt- og tómstundastarfi með sérstakri áherslu á börn með stuðningsþarfir, tryggja samfellu í þjónustu og útrýma biðlistum.
2. **Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna** – gefa út bækling á sex tungumálum til að kynna allt íþrótt- og tómstundastarf, með sérstakri áherslu á börn af erlendum uppruna.
3. **Útikennslusvæði í Skógrækt** – koma upp útikennslusvæði með litlu sviði og bekkjum fyrir útikennslu sem leik- og grunnskólar nýta sér.
4. **Fræðsla um barnavernd- og farsældarþjónustu** – regluleg fræðsla fyrir allt starfsfólk sem vinnur með börnum um tilkynningarskyldu, ofbeldi, vanrækslu og þjónustu farsældar.
5. **Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni** – fræðsla um Barnasáttmálann með verkefnum eins og Draumaskólanum og Krakkar með krökkum til að efla þátttöku barna.
6. **Forvarnaráætlun fyrir börn og ungmenni á Akranesi** – þróa heildstæða fræðslu- og forvarnaráætlun fyrir allar skólastofnanir bæjarins.
7. **Forvarnarverkefni fyrir foreldra – Invest in Play** – styðja foreldra með forvarnarverkefni til að efla þátttöku barna í leik og frístundum.
8. **Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla** – auka samstarf við foreldra um forvarnir og fræðslu sem styður við farsæld barna.



9. **Leiktæki fyrir fötluð börn** – bæta aðgengi með uppsetningu sérhæfðra leiktækja fyrir fötluð börn á leikvöllum.
10. **Spjallaraverkefni** – innleiða verkefni til að styrkja samskipti milli barna og starfsfólks í skólum og frístundastarfi, sem viðbót við faglega stoðþjónustu.
11. **Stækkun sleðabrekku** – stækka sleðabrekku í samræmi við óskir barna, svo hún verði tilbúin fyrir veturinn 2024.
12. **Ungmennaráð Akraness** – efla hlutverk ungmennaráðs með því að tryggja virkni þess, auka áhrif þess á ákvarðanir og endurskoða verklag.
13. **Skipan tengiliðs á fjármalasviði** – skipa tengilið til að halda utan um fjármál tengd barnvænu sveitarfélagi og tryggja gegnsæi í fjármálum.
14. **Bæjarhátíðir í barnvænu sveitarfélagi** – endurskoða bæjarhátíðir til að gera þær barnvænni og fjölskylduvænni með aukinni gæslu og áherslu á öryggi.
15. **Barna- og ungmennaping – verklag** – festa í sessi verklag við undirbúning og framkvæmd barna- og ungmennapings sem hluta af námskrá grunnskóla.
16. **Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins** – skapa vettvang þar sem börn geta komið málefnum sínum reglulega á framfæri og fengið svör.
17. **Yfirfara stefnur og áætlanir m.t.t. réttinda barna** – fara yfir stefnur og áætlanir sveitarfélagsins til að tryggja að þær taki mið af réttindum barna og fjölbreytileika.

Hver aðgerð er studd með skýrum markmiðum, ábyrgðaraðilum, tímaramma, fjármögnun og árangursviðmiðum. Aðgerðirnar miða að því að bæta aðgengi barna að þjónustu, styrkja lýðræðislega þátttöku þeirra og tryggja að rödd þeirra heyrir og skipti máli í öllu skipulagi og stefnumótun sveitarfélagsins.



1. Aðgerð: Farsælt frístundastarf fyrir öll börn

Aðgerðin „Farsælt frístundastarf fyrir öll börn“ var hluti af heildstæðri sýn Akraneskaupstaðar á inngildandi þjónustu og byggði á þeirri stefnu að tryggja jafnan aðgang allra barna að íþrótt- og tómstundastarfi. Verkefnið var sérstaklega ætlað börnum með stuðningsþarfir og miðaði að því að auka félagslega virkni þeirra, efla þátttöku, bæta samfellu í þjónustu og þar með auka lífsgæði barna og fjölskyldna þeirra.

Með aðgerðinni var markvisst leitast við að hvetja börn með stuðningsþarfir til að taka þátt í frístundastarfi á eigin forsendum, meðal annars með því að veita þeim beinan stuðning meðan á frístundastarfi stóð. Stuðningsaðilar voru þar lykilþáttur, og sinntu því hlutverki að tryggja öryggi, aðlögun og virkni barnanna í félagsstarfinu.

Verkefnið hófst í **desember 2023**, og fékk veittan rekstrarstyrk frá Barna- og menntamálaráðuneytinu fyrir þrjú almanaksár – samtals **kr. 18.000.000** (kr. 9.000.000 á ári). Tímarammi verkefnisins nær til **desember 2025**, en stefnt er að því að halda verkefninu áfram með öðrum hætti eða styrkari festu að þeim tíma loknum.

Að mati þeirra sem að verkefninu koma hefur framkvæmd gengið afar vel. Verkefnastjóri var ráðinn skv. áætlun og hefur verkefnið tekið á sig fastmótaðan og markvissan farveg. Skýr merki eru um að markmið hafi verið náð, meðal annars með því að:

- **Biðlistar eftir stuðningsþjónustu hafa styst verulega** – það hefur ekki áður mælst jafn stuttur biðlisti og nú.
- **Íþróttafélög og tómstundaaðilar lýsa ánægju** með þátttöku barna með stuðningsþarfir og finna til aukins stuðnings við innleiðingu inngildandi starfshátta.
- **Foreldrar lýsa ánægju** með þjónustuna og að börn þeirra geti sinnt frístundum með sínum jafnöldrum.
- Börnin sjálf hafa **haldið áfram þátttöku í sínu vali af frístundastarfi** án þess að félagslegar eða líkamlegar hindranir komi í veg fyrir þátttöku.

10



Þrátt fyrir að alltaf megi gera betur, telst verkefnið hafa **náð settum markmiðum**, bæði út frá þjónustulegri framkvæmd og upplifun notenda.

Þó börn hafi ekki tekið beinan þátt í hönnun og mótun aðgerðarinnar sjálfrar, byggði verkefnið á skýrum ákalli barna sem kom fram á **barna- og ungmennapíngum** sem og í **viðtölum við sérfræðihópa barna**. Þar var meðal annars lögð áhersla á mikilvægi inngildandi frístundastarfs, að öll börn ættu jafnan aðgang að tómstundum óháð líkamlegum, félagslegum eða fjárhagslegum aðstæðum.

Með verkefninu er unnið að því að tryggja jafnræði allra barna með því að gera öllum kleift að taka þátt í sínu valda frístundastarfi með stuðningi – á eigin forsendum og í þeim félagsskap sem þau kjósa sjálf.

Þannig má segja að verkefnið hafi **raungert að öll börn eru jöfn** samkvæmt 2. gr. Barnasáttmálans með því að fjarlægja hindranir og bjóða upp á valdeflandi umhverfi.

Áhrif verkefnisins eru þegar orðin sýnileg. Börn með stuðningsþarfir hafa aukið þátttöku sína í frístundastarfi og fá stuðning til að viðhalda félagslegum tengslum og virkni. Félagasamtök og foreldrar upplifa meiri samfellu í þjónustu og betra aðgengi að stoðkerfi. Fram kemur að verkefnið hefur einnig haft jákvæð áhrif á frístundafélögin sjálf, sem hafa fengið stuðning og hvatningu til að þróa sitt starf í átt að auknu aðgengi og fjölbreytileika.



2. Aðgerð: Bæklingur um íþrótt- og tómstundastarf barna og ungmenna


Aðgerðin miðaði að því að stuðla að auknu aðgengi barna af erlendum uppruna að íþrótt- og tómstundastarfi á Akranesi. Lykilhluti verkefnisins var útgáfa bæklinga sem veittu yfirlit yfir allt frístundastarf sem í boði er á svæðinu og aðlaga það að þörfum nýfluttra barna og fjölskyldna þeirra. Bæklingurinn var sérstaklega hannaður til að vera aðgengilegur og upplýsandi og var gefinn út á sex tungumálum – þar með talið tungumálum sem endurspeglja fjölbreytileika íbúa sveitarfélagsins.

Markmið verkefnisins var að auka sýnileika frístundastarfsins, einfalda upplýsingaflæði til fjölskyldna sem eru nýfluttar til bæjarins og tryggja að börn með annars konar tungumála- og menningarlegan bakgrunn gætu nýtt sér sömu tækifæri til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi og önnur börn. Verkefnið var áætlað fyrir árið **2024**, með útgáfu bæklinga og dreifingu þeirra til viðeigandi stofnana og fjölskyldna.

Útgáfa bæklingans fór fram líkt og áætlað var árið 2024 og hefur dreifing og kynning á efni hans gengið vel. Bæklingurinn hefur verið nýttur markvisst til að taka á móti nýjum fjölskyldum, sérstaklega þeim sem eru af erlendum uppruna, og er orðinn fastur hluti af móttökuferli sveitarfélagsins.

Verkefnið hefur náð markmiðum sínum í því að styrkja upplýsingamiðlun, sýnileika og þátttöku barna af erlendum uppruna í íþrótt- og tómstundastarfi. Áframhaldandi notkun og uppfærsla bæklingans er fyrirhuguð eftir því sem þörf krefur, þannig að verkefnið haldi áfram að þróast og haldi gildi sínu til framtíðar.


Þó börn hafi ekki beint komið að hönnun eða ritun bæklingans, þá byggði verkefnið á beinum niðurstöðum barna- og ungmennapings sem og viðtala við sérfræðihópa barna – þar sem fram kom skýr þörf fyrir að efla aðgengi barna af erlendum uppruna að upplýsingum og virkni í samfélaginu. Í gegnum þessa lýðræðislegu samráðsvinnu var ljóst að börn af erlendum uppruna höfðu upplifað að skortur væri á upplýsingum og aðgengi, sem takmarkaði möguleika þeirra til þátttöku.



Aðgerðin fól þannig í sér að virkja þátttökurétt barna með því að fjarlægja upplýsingarhindranir og gera þeim kleift að nálgast frístundir með sjálfstæðum hætti – í takt við 12. og 17. gr. Barnasáttmálans.

Áhrif aðgerðarinnar eru þegar farin að birtast í breyttri hegðun og aukinni þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi. Fjölskyldur af erlendum uppruna hafa nú mun betri yfirsýn yfir frístundaframboð á Akranesi, sem hefur í för með sér aukna virkni barna í íþróttum, listum og öðrum tómstundum.

Mörg börn af erlendum uppruna hafa nú þegar skráð sig í íþrótt- og tómstundastarf og prófað ólíkar greinar. Foreldrar hafa einnig lýst ánægju með upplýsingarnar og finnst móttaka þeirra og barna þeirra persónulegri og aðgengilegri. Verkefnið hefur því haft bæði bein og óbein áhrif á þátttöku, aðlögun og félagslega virkni þessara barna.



3. Aðgerð: Útikennslusvæði í skógrækt

Aðgerðin fólst í því að koma upp sérstæðu útikennslusvæði í Skógræktinni á Akranesi, með það að markmiði að styðja við fjölbreytt kennsluform og auka möguleika barna til náms og samveru í náttúrulegu umhverfi. Verkefnið varð til í kjölfar skýrs ákalls barna á Barna- og ungmennapingi, þar sem fram kom eindregin ósk um fleiri og betri aðstöðu til útináms og samveru í náttúrunni.

Á svæðinu var reist lítið svið og bekkir, sérstaklega hannaðir til útikennslu, hópstarfs og leikja í tengslum við skóla- og frístundastarf. Um var að ræða fyrsta áfanga í þróun svæðisins, með framtíðarsýn um að útikennslustofa verði síðar reist til frekari notkunar og samþættingar við námskrármarkmið grunnskóla og leikskóla.

Tímarammi verkefnisins var afmarkaður við **haustið 2023**, og aðgerðinni var ætlaðað ljúka innan þess árs. Framkvæmd verkefnisins stóðst bæði tímamörk og fjárhagsáætlun. Svæðið var fullbúið og tekið í notkun haustið 2023. Framkvæmdinni var sinnt af áhaldahúsi í samvinnu við skipulags- og umhverfissvið. Kostnaður við aðgerðina var áætlaður **2.500.000 kr.**, og hefur verið staðfest að verkið hafi verið klárað innan þess ramma.

Markmiðið með að skapa aðstöðu sem nýtist til útikennslu og fræðslu fyrir börn á öllum skólastigum hefur gengið eftir. Svæðið hefur reynst mjög vel, er mikið notað og hefur strax orðið hluti af reglubundinni starfsemi skóla og leikskóla.

Aðgerðin byggði beint á innsýn og tillögum barna sem komu fram á **barna- og ungmennapingi**. Þar var lögð áhersla á að börn vildu meiri tíma úti í náttúrunni, þar sem þau gætu bæði lært, leikið og notið samvista í opnu og skapandi umhverfi. Þessi rödd barna var tekin alvarlega og hafði bein áhrif á útfærslu og forgangsroðun aðgerðarinnar.

Þó börn hafi ekki komið beint að hönnun eða skipulagi framkvæmda, þá var ákvörðunartakan mótuð út frá lýðræðislegu samtali við þau – í anda 12. gr. Barnasáttmálans. Aðgerð þessi er því gott dæmi um hvernig unnið er með þátttöku barna í stefnumótun, með því að taka sjónarmið þeirra sem gild og mikilvæg.

14



Áhrif aðgerðarinnar eru þegar orðin sýnileg og mælanleg. Fjölmargir leik- og grunnskólar nýta útikennslusvæðið markvisst. Sem dæmi má nefna að leikskólarnir **Akrasel og Garðasel** nýta svæðið nánast daglega fyrir ævintýraferðir og skipulagt útinám. Einnig hefur **Grundaskóli** nýtt svæðið til náttúrufræðikennslu og annarra greina í fjölbreyttum árgöngum.

Svæðið hefur aukið aðgengi að náttúrunni sem námsumhverfi og eflt líkamsvirkni og sköpun barna. Það styður einnig við markmið menntastefnu 2030 um fjölbreytt og sveigjanlegt skólaumhverfi, þar sem börn fá tækifæri til að læra með ólíkum hætti. Aðgerðin hefur því haft bæði menntunarleg og velferðarleg áhrif á börn á Akranesi.



4. Aðgerð: Fræðsla um barnaverndar- og farsældarþjónustu

Aðgerðin miðaði að því að tryggja markvissa og reglulega fræðslu um barnavernd og farsældarþjónustu fyrir allt starfsfólk sem starfar með börnum hjá Akraneskaupstað. Fræðslan nær til leik- og grunnskóla, frístundaheimila og heilbrigðisþjónustu, og felur m.a. í sér kynningu á:

- tilkynningarskyldu til barnaverndar,
- viðbrögð við ofbeldi og vanrækslu barna,
- verkferlum og stuðningsúrræðum,
- ásamt kynningu á lögum og starfsháttum farsældarþjónustu barna.

Fræðslan er skipulögð í nánú samstarfi velferðar- og mannréttindasviðs og mennta- og menningarsviðs. Sérstaklega er lögð áhersla á að ná til allra nýliða í upphafi skólaárs og að veita reglubundna endurmenntun til starfsfólks í minni hópum yfir skólaárið.

Verkefnið er í **sífelldri framkvæmd** (tímarammi: „alltaf virkt“), og er hluti af grunnþáttum innleiðingar barnvæns sveitarfélags.

Framkvæmdin er í gangi og hefur tekist að skapa traustan grunn fyrir reglubundna fræðslu. Fyrstu skref hafa þegar verið stigin með því að samræma fræðslu fyrir leik- og grunnskóla, tryggja að nýir starfsmenn fái kynningu og að efni um tilkynningarskyldu, vanrækslu og farsæld séu kynnt reglulega og í viðeigandi hópum. Framundan er að styrkja verklag, samhæfa betur á milli stofnana og festa skipulag fræðslunnar enn betur í sessi – með föstum fræðslulotum á hausti og vori. Að þessu hefur verið unnið markvisst skólaárið 2024–2025.

Aðgerðin sneri að fagfólki og forvörnum í kerfinu, en á rætur í niðurstöðum spurningakannana meðal barna og ungmenna. Þar kom fram að mörg börn þekkja ekki réttindi sín og vita ekki hvert þau eiga að leita þegar þeim líður illa. Hlutfall þeirra sem töldu að enginn væri í skólanum til staðar ef þau upplifa vanlíðan var alltof hátt (16%), og skortur var á sýnilegum verkferlum í kerfinu.

Þessi rödd barna mótaði aðgerðina og styður við framkvæmdina – með það að markmiði að auka öryggi og trúverðugleika kerfisins í augum barna.

16



Áhrifin eru byrjuð að koma fram. Starfsfólk leik- og grunnskóla hefur lýst aukinni meðvitund og betri skilningi á hlutverki sínu í velferð barna. Einnig hefur samvinna milli sviða og þjónustukerfa styrkst. Mikilvægt er þó að tryggja festu og reglufestu í framkvæmd – og efla eftirfylgni með því hvort og hvernig starfsfólk nýtir fræðsluna í daglegu starfi.

Fræðsluáætlun um barnavernd og farsældarþjónustu

Fyrir leik- og grunnskóla Akraneskaupstaðar

Tímabil	Markhópur	Framkvæmd	Efni fræðslu	Ábyrgð
Haust (sep.)	Allt starfsfólk leik- og grunnskóla (þ.m.t. nýliðar)	Staðlotur – fræðslufundur í hverjum skóla	Tilkynningarskylda skv. bvl. - Þekking á ofbeldi og vanrækslu - SOF kerfið - fræðsla um farsældarþjónustu	Barnaverndar- og farsældarþjónusta barna
Vor (mars-maí)	Starfsmenn í minni hópum (deildir, stig, teymi)	Heimsóknir fagfólks – samtal og rýnihópar í skólum	- Umræður um dæmigerð mál - Skýring á hlutverki barnaverndar og farsældar - Endurskoðun á viðbragðsferlum	Barnaverndar- og farsældarþjónusta barna - Málstjórar farsældar - Tengiliðir farsældar
Milli fræðslulota	Stjórnendur og tengiliðir farsældar	Eftirfylgni, stutt hvatningarefni, ráðgjöf	- Hagnýtar ábendingar - Minnispunktar - Viðbrögð við spurningum eða þörfum sem koma upp	Barnaverndar- og farsældarþjónusta barna ásamt mennta- og menningarsviði



5. Aðgerð: Réttindafræðsla í skólum og samfélagsverkefni

Í öllu skóla og frístundastarfi á Akranesi hefur réttindafræðsla skipað stóran sess. Fyrir utan þá fræðslu sem bundin er í aðalnámskrá, sem m.a. snýr að Barnasáttmálanum og réttindum barna, eru fjölmörg verkefni samofin skóla- og frístundastarfinu og vinnulag tekið mið af því. Verkefnin eru fjölmörg og eru þess eðlis að auka lýðræðisvitund en ekki síður samkennd og samvinnu. Markviss kennsla í Barnasáttmálanum fer fram í 3. og 4. bekk skv. aðalnámskrá.

Aðgerðir sem unnið var markvisst með undir þessum lið eru gerð skil hér á eftir.

a. Þátttaka er samvinna

Verkefnið *Þátttaka er samvinna* hófst haustið 2020 og hefur það markmið að efla börn til þátttöku í eigin lífi, skapa farveg fyrir raddir þeirra og stuðla að inngildandi og lýðræðislegu skóla- og frístundastarfi. Aðgerðin snýst um að gera 12. grein Barnasáttmálans að veruleika og tryggja börnum bæði rými og raunveruleg áhrif. Verkefnið er samstarf Brekkubæjarskóla, frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og var styrkt af Sprotasjóði á tímabili 2020-2023 (framlengt vegna C-19).

Allir árgangar skólans taka þátt í verkefninu og vinna að fjölbreyttum verkefnum sem snúa að lýðræðislegri þátttöku barna. Verkefnin felast í því að fá fram skoðanir og hugmyndir barna í gegnum skapandi vinnu og samtal og fara svo í aðgerðir og þróunarstarf í samvinnu við börnin. Áhersla er á virka aðkomu barna að þróun skólastarfs og ákvarðanatöku um skólamál.

Dæmi um verkefni eru:

- Draumaskólaverkefnið, sem hófst 2020 og er nú hluti af námskrá í 5. bekk (sjá aðgerð 5b).
- Þemadagar byggðir á dyggðum skólans, þar sem þátttaka og samvinna eru í brennidepli.



- Vinnu – og samráðsfundir nemendaráða Brekkubæjar- og Grundaskóla, þar sem unnið var að undirbúningi Barnaþings og rætt hvernig nemendaráð geta mætt lögbundnu hlutverki sínu um að vinna að hagsmuna-, velferðar- og félagsmálum nemenda. Myndun starfshópa nemendaráða sem vinna að ákveðnum málefnum. Eftirfarandi aðgerðir tengjast vinnu nemendaráðs:
 - Spjallaraverkefnið (sjá líka aðgerð 10).
 - Reglulegir bekkjarfundir, þar sem nemendur ræða málefni sem þeim eru mikilvæg. Allt starfsfólk skólans hefur fengið fræðslu um hvernig eigi að halda árangursríka bekkjarfundi.

Börn voru í forgrunni í öllum skrefum verkefnisins. Þau tóku þátt í mótun hugmynda, gerð aðgerðaáætlana og framkvæmd verkefna. Þau fengu fræðslu um réttindi barna og þátttöku, m.a. frá umboðsmanni barna, og unnu með sérfræðingum á borð við prófessor Andreas Hinz frá Háskólanum í Halle-Wittenberg. Verkefnið skapaði samvinnurými þar sem börn og fullorðnir unnu saman á jafnréttisgrundvelli.

Börn hafa öðlast aukna meðvitund um réttindi sín og hlutverk í lýðræðislegu skólasamfélagi. Þau sjá að rödd þeirra skiptir máli og að þau geta haft áhrif. Aukin þátttaka í nemendaráðum, ungmennaráðum og nefndum ber vitni um þetta. Börn biðja sjálf um að ræða málefni á bekkjarfundum og eru virk í að koma með lausnir og tillögur. Starfsfólk hefur einnig þróað ný viðhorf og vinnulag þar sem lýðræðisleg vinnubrögð eru höfð að leiðarljósi. Samstarf barna og fullorðinna hefur orðið markvissara og verkferlar sem tryggja þetta samstarfi og festa í þessi eru að verða til.

Hægt er að lesa meira um verkefnið *Þátttaka er samvinna* og vinnu *nemendaráðs* á heimasíðu Brekkubæjarskóla.

b. Draumaskólinn

Aðgerðin *Draumaskólinn* er árlegt verkefni í 5. bekk Brekkubæjarskóla og varð til sem hluti af verkefninu *Þátttaka er samvinna*, (aðgerð 5a). Markmið Draumaskólaverkefnisins er að skapa vettvang fyrir börn til að koma hugmyndum



sínum á framfæri og tryggja að tillögur þeirra geta leitt til raunverulegra breytinga í skólanum. Verkefnið byggir á hugmyndum um nemendalýðræði, inngildingu og valdeflingu.


Verkefnið var fyrst prófað árið 2020 sem samstarfsverkefni í 5. og 6. Bekk. Fyrstu framkvæmdinni var fylgt eftir með þátttöku-starfendarannsókn og má lesa um hana í greininni: [Draumaskólinn: Lýðræðisleg og inngildandi samvinnurými barna og fullorðinna í grunnskóla](#) sem birtist í vef tímaritinu Netlu. Frá skólaárinu 2022-2023 hefur Draumskólaverkefnið verið hluti af bekkjarnámskrá 5. bekkjar og hefur nú farið fram fimm sinnum, að meðtöldu verkefninu sem er í gangi á vorönn 2025. Verkefnið felst í nokkrum skrefum, þar sem börn fá að tjá sína hugmyndir um draumaskólann í gengum skapandi vinnu og samtal, fara svo í það að vinna nánar með hugmyndirnar í ráðgjafahópi og kynna þær og rökstyðja fyrir skólastjórnendum.

Frá 2021 hafa verið haldnir fjórir formlegir fundir ráðgjafahópa barna með skólastjórn og einn fundur er áætlaður í apríl 2025. Fundargerðir eru skráðar fyrir hvern fund og þar er að finna allar tillögur og afgreiðslur þeirra.

Dæmi um hugmyndir sem hafa farið í framkvæmd:

- Val nemenda: Hver bekkur velur eina skólamáltíð á mánuði
- Sólin okkar: Sól máluð á skólalóð og fræðsla haldin af sjöunda bekk í yngri bekkjum um hvernig hægt er að nýta sólina til að vera ekki einn í frímínútum
- Aðgengileg leiktæki á skólalóð
- Bóklúbbur á sem starfsemi skólabókasafns
- Aukið klúbbastarf í félagsmiðstöð
- Skólapeysur

Börn hafa verið virkir þátttakendur í gegnum alla framkvæmdina. Þau tjá hugmyndir sínar, vinna úr þeim í hópum, rökstyðja þær og kynna fyrir skólafirrvöldum. Áhersla er lögð á að þau upplifi að hlustað sé á þau og að hugmyndir þeirra skipti máli. Með hverju árinu verða hugmyndir barnanna dýpri og markvissari. Þau setja í auknum



mæli fram hugmyndir varðandi breytingar á námi og kennslu, ekki einungis um atriði sem varða skólastarf utan kennslunnar.

Áhugavert dæmi er þegar ráðgjafahópur sem nefndi sig *Ráðgjafahóp um lífsfræði* lagði fram hugmynd að nýrri námsgrein fyrir þáverandi mennta- og barnamálaráðherra vorið 2023. Þau útskýrðu að „lífsfræði“ snerist um fræðslu sem nýtist í lífinu. Þau byggðu sínar hugmyndir á niðurstöðum spurningakönnunar sem þau lögðu fyrir samnemendur.

Reynslan sýnir að börnin verða sífellt öruggari og meðvitaðri um hvernig þau geta haft áhrif. Þau læra að koma skoðunum sínum á framfæri á málefnalegan hátt, hlusta hvert á annað og vinna með aðrar hugmyndir en sínar eigin. Með tímanum hafa þau lagt fram fjölbreyttari og metnaðarfullri hugmyndir, sem ná til inntaks náms og skipulags skóladagsins – ekki aðeins leikja, klúbba eða frímínútna.

Aðgerðin hefur þannig aukið trú barna á að þau geti haft áhrif. Skólastjórnendur hafa brugðist við hugmyndum með virðingu og alvöru, sem hefur aukið traust og stuðlað að valdeflingu. Draumaskólinn er orðinn fastur liður í lýðræðisstarfi Brekkubæjarskóla og sýnir hvernig hægt er að innleiða þátttöku barna sem raunverulegt afl til umbóta í skólasamfélaginu.

Hægt er að lesa meira um [Draumaskólann](#) á heimasíðu Brekkubæjarskóla.

c. Krakkar með krökkum

Krakkar með krökkum er þróunarverkefni þar sem áhersla er lögð á jafningaleiðsögn tengt félagslegum samskiptum og félagsstarfi nemenda. Verkefnið er samvinnuverkefni Grundaskóla og KVAN. Jafnframt er verkefnið svar við beiðni nemenda og þátttakenda á barnapingi um að geta leitað til aðila innan skólans til að fá stuðning og leiðsögn ásamt því að eldri nemendur geti markvisst verið til staðar fyrir þá yngri. Verkefnið var unnið í fyrsta skipti skólaárið 2022 – 2023 og hefur verið í stöðugri þróun síðan.

Markmiðið er að efla leiðtogafærni nemenda. Með leiðtogapjálfun öðlast nemendur þekkingu á sjálfum sér, að geta sett sig í spor annarra o.fl. Verkefnið *Krakkar*




með krökkum byggir á því að virkja þann kraft sem býr í unglingum til að hafa jákvæð áhrif á yngri börn og vera fyrirmyndir þeirra. Verkefnið tengist 29. gr. Barnasáttmálans þar sem börnin læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Þau læra að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Verkefnið var hluti af aðgerðaráætlun sveitafélagsins í átt að Barnvænu sveitafélagi. Framvinda verkefnisins var úr að nemendur í 9. bekk Grundaskóla fengu leiðtogafræðslu frá kennurum og starfsmanni KVAN. Hópnum var síðan skipt upp í fjóra minni hópa og röðuðust síðan hóparnir á yngri árganga skólans. Þá fengu nemendur í 9. bekk kynningu á verkefninu frá KVAN og frá nemendum í 10. bekk skólans sem einnig hvöttu nýja leiðtoga í 9. bekk áfram og lögðu áherslu á að nýta tækifærið til góða. Upphaflega var gert ráð fyrir því að þessi vinna færi fram á haustmisseri og fram í febrúar. Þar sem kom til kennaraverkfalls varð smá hliðrun á verkinu og var því ákveðið að leiðbeina tveimur hópum fyrir áramót og síðan síðari tveimur hópunum í mars. Samhliða þjálfun og fræðslu til nemenda fengu foreldrar skólans fyrirlestur frá KVAN varðandi samskipti barna og fræðslu um verkefni Krakkar með krökkum. Einnig var fræðsla fyrir nemendur þann 24. mars um samskipti, jákvæða og neikvæða leiðtoga og hópefli. Markmiði verkefnisins var því náð á tilsettum tíma.

Nemendur í 9. bekk fengu kynningu á verkefninu og síðan hafa þau í minni hópum fengið tækifæri á leiðtogaþjálfun sem starfsmaður skólans hefur séð um ásamt starfsmanni KVAN. Nemendur hafa allir fengið samskonar þjálfun í leiðtogafærni og þeir svo farið með jafningjafræðslu inn í yngri bekki skólans. Nemendur í 9. bekk hafa því verið með frá byrjun og tekið bæði þátt í undirbúningi og framkvæmd.

Niðurstöður könnunar sem lögð er fyrir nemendur í 9. bekk sýna jákvæð áhrif. Nemendur í 9. bekk upplifa að þeir fái tækifæri til að eflast og styrkjast í að vera t.d. jákvæðir leiðtogar fyrir yngri nemendur. Þá sjáum við nemendur sem lítið hefur farið fyrir takast á við krefjandi verkefni þar sem þeir hafa getað látið ljós sitt skína á nýjum vettvangi.



6. Aðgerð: Forvarnaráætlun fyrir börn og ungmenni á Akranesi

Haustið 2024 fékk Brúin forvarnarhópur styrk úr þróunarsjóði skóla og frístundaráðs til að búa til Forvarnaráætlun barna og ungmenna á Akranesi. Er það hluti af aðgerðaráætlun Akraneskaupstaðar vegna innleiðingar Barnasáttmálans.

Markmið verkefnisins er gerð *Forvarnaráætlunar fyrir börn og ungmenni á Akranesi*. Lögð áhersla á að áætlunin samræmist verkefni Heilsuefandi samfélags, nýrri heildarstefnu Akraneskaupstaðar, Menntastefnu Akraneskaupstaðar „Nærum hugann, hugsum stórt“ og aðgerðaráætlun um barnvænt sveitafélag. Leiðarljós stefnunnar verði þannig að áhersla á lýðheilsu sé ofin inn í alla starfsemi og stefnumörkun og að öll forvarnarvinna byggji á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

Starfshópur hefur tekið til starfa, vinnan við áætlun er hafi og mun hópurinn skila af sér í maí/júní 2025.

Lýsing á framkvæmd og tímaáætlun


1. Búa til vinnuhóp. Safna gögnum Brúin, forvarnarhópur verður yfir verkefninu. Vinnuhópur verði skipaður fulltrúum forvarnarteyma grunnskólanna, fulltrúa velferðarsviðs, mennta og menningarsviðs og Þorpsins :**Desember 2024**
2. Yfirfara gögn, gera uppkast-grind til að kynna : **Janúar /febrúar 2025**
3. Halda vinnufund (stórfund) með aðkomu lykilaðila , foreldra, ungmenna, og safna saman athugasemdum: **Mars 2025**
4. Úrvinnsla og samsetning : **Mars/apríl 2025**
5. Kynning í fagráðum og lagt til samþykktar :**Maí 2025**

Afurð:

Efni áætlunar er: Fjölbreytileiki – Góð líðan – Höfnum Ofbeldi – Verndandi þættir og jákvæð samskipti.

Forvarnaráætlun barna og ungmenna á Akranesi 2025-2029

23



Fræðsluáætlun forvarna fyrir börn og foreldra
Aðgerðaráætlun skóla og frístundamiðstöðvar

Áætlað er að leggja áætlun til samþykktar í ráðum og nefndum eigi síðar en maí 2025

Samstarfsaðilar: Grunn- og leikskólar, Frístundamiðstöð, lögregla.




7. Aðgerð: Forvarnarverkefni fyrir foreldra barna í leik- og grunnskólum

Tengjumst í leik (e. Invest in play) er námskeið fyrir foreldra og forráðamenn barna á Akranesi þar sem áhersla er lögð á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í gegnum leik. Með því myndast góð tengsl milli foreldra og barna og samband þeirra styrkist. Efni og innihald námskeiðsins er byggt á gagnreyndum aðferðum og rannsóknum á alþjóðlegum vettvangi. Markmið námskeiða er að valdefla foreldra í uppeldishlutverki sínu og efla um leið þjónustu við börn og foreldra.


Tímaramminn sem var áætlaður í upphafi var að fyrsti hópur leiðbeinenda væru með námskeið að hausti 2024, það gekk eftir og luku allir leiðbeinendur við að halda 12 vikna foreldrafærni námskeið fyrir foreldra. Akraneskaupstaður hélt námskeið í öllum leikskólum sínum haustið 2024, eða fjögur 12 vikna námskeið. Námskeiðið náði því til 25 heimila á Akranesi. Námskeiðin voru haldin á þriðjudögum frá 15:00-17:00 og buðu leikskólar upp á barnagæslu fyrir foreldra sem sóttu námskeið. Í desember 2024, þegar undirbúningur fyrir næsta námskeið var í fullum gangi var send út viðhorfskönnun til foreldra í þeim tilgangi að meta áhuga og hentugleika námskeiða fyrir fjölskyldur. Niðurstöður könnunarinnar voru mjög jákvæðar og leikurinn var því endurtekinn í janúar 2025 þegar 6 námskeið fóru í gang í fjórum leikskólum. Þátttakendur á seinna námskeiðinu voru 40 fjölskyldur. Akraneskaupstaður er fyrsta sveitafélagið til þess að bjóða foreldrum leikskólabarna upp á námskeið án endurgjalds. Námskeiðið er unnið í samvinnu við þróunarverkefnið *Föruneysi barna – samstarfs um stuðning við uppeldi og nám* á vegum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Mennta- og barnamálaráðuneytis.

Samhliða námskeiðinu er doktorsrannsókn á innleiðingu námskeiðsins, foreldrastreita er mæld fyrir og eftir, krefjandi hegðun barna er mæld ásamt því að eiginleg viðtöl eru tekin við leiðbeinendur og foreldra. Á öllum þáttum mælinga má sjá jákvæð áhrif, þ.e. foreldra streita lækkar eftir að hafa setið námskeiðið, samvinna barna við foreldra eykst og krefjandi hegðun minnkar, þá hafa áhrifin lofað góðu inn í

25



almennt leikskólastarf þar sem börn sem eiga foreldra sem setið hafa námskeiðið sýna að jafnaði aukna viðeigandi hegðun og eru í betra tilfinningalegu jafnvægi. Verkefnið er því að efla stuðning við foreldra og auka þeirra sjálfstraust í þeirra hlutverki. Ásamt því að veita snemmtækan stuðning inn í mál barna og fjölskyldna.




8. Aðgerð: Farsælt foreldrasamstarf og forvarnarfræðsla fyrir foreldra barna og ungmenna á Akranesi

Farsælt foreldrasamstarf er verkefni unnið í gegnum mennta og menningarsvið og stuðlar að markvissu og bættu foreldrasamstarfi. Þá er lögð áhersla á að byggja upp sterk og góð samskipti í hverjum árgangi grunnskólanna og efla foreldra til þátttöku í skóla- og frístundastarfi.

Foreldrarölt hefur verið endurvakið og er það verkefni unnið í samstarfi foreldrafélaga grunnskólanna og frístundamiðstöðvar. Útbúin hefur verið handbók fyrir foreldra og jafnframt er reglulega farið með foreldrum yfir verklag foreldraröls.

Markvisst hefur verið að auknu samstarf á milli stjórna foreldrafélaga grunnskólanna og komið á virku samtali á milli þeirra og fulltrúa í skóla og frístundaráði. Verkefnastjóri frístunda og forvarnarmála fundar tvisvar á ári með stjórnnum foreldrafélaganna og þá fundar skóla- og frístundaráð með stjórnunum tvisvar á ári.

Grunn,-og leikskólar, ásamt Brúnni forvarnarhóp, Þorpinu frístundamiðstöð, velferðar- og mannréttindasviði og skóla og frístundasviði eru að vinna saman að gerð forvarnar- og fræðsluáætlunar (sjá aðgerð 6). Þar verður einnig mótuð fræðsluáætlun fyrir foreldra. Þar mun verða farið í sama efni og með börnum en sniðið að foreldrum. Fræðslan mun bæði verða í formi staðbundinna fræðslufunda en einnig í formi netfyrirlestra.



9. Aðgerð: Leiktæki fyrir fötluð börn

Aðgerðin miðaði að því að bæta aðgengi fatlaðra barna að útisvæðum og leiktækjum í leik- og grunnskólum Akraneskaupstaðar. Verkefnið kom til í kjölfar samtals við sérfræðihóp fatlaðra barna og byggði beint á þeirra upplifun og óskum. Markmiðið var að tryggja að öll börn, óháð hreyfifærni, gætu tekið þátt í leik og hreyfingu með jafnöldrum sínum á jafnréttisgrundvelli.

Í fyrstu lotu var ákveðið að forgangsraða uppsetningu leiktækja við þá leik- og grunnskóla þar sem fyrir eru nemendur í hjólastól. Verkefnið fól í sér sértæka hönnun og kaup á hringekjum, rólum og þrautabrautum sem henta börnum með hreyfihömlun. Lagt var upp með að hafa börn sjálf með í ferlinu þar sem það átti við – meðal annars með mótun ráðgjafahóps barna við hönnun og val á leiktækjum.

Verkefnið hófst árið **2023** og er ætlað að standa til loka árs **2025**, með stigvaxandi framkvæmd milli leikskóla og grunnskóla bæjarins.


Framkvæmdin hefur gengið samkvæmt áætlun og nokkur lykilskref hafa þegar verið kláruð:

- Leiktæki hafa verið sett upp á lóð **Grundaskóla, Akrasels og Garðasels**.
- Á lóð **Brekkubæjarskóla** var stofnaður sérstakur **ráðgjafahópur barna** sem vann með skólastjórn og arkitekt við útfærslu og val á tækjum.
- Næstu framkvæmdir eru fyrirhugaðar við leikskólana **Teigasel og Vallarsel**.

Verkefnið hefur því verið hrint í framkvæmd á stigvaxandi og markvissan hátt, í samræmi við fjárheimildir og aðstöðu hvers skóla. Framkvæmdum er ekki að fullu lokið en markmið eru þegar að hluta náð og verkefnið telst vera á réttri leið.

Þessi aðgerð er eitt af skýrustu dæmunum í aðgerðaáætluninni um merkingabæra og beint mótandi þátttöku barna. Upphafleg hvatning kom frá samtali við **sérfræðihóp fatlaðra barna**, sem lýstu yfir skorti á aðgengilegum tækjum á skólalóðum og útilokun frá leik.


Því til viðbótar var **ráðgjafahópur barna** settur á laggirnar í Brekkubæjarskóla, sem tók virkan þátt í að hanna og útfæra breytingar á skólalóð með aðkomu fagfólks.



Þannig kom rödd barna beint að skipulagi og ákvörðunum – í samræmi við 12. og 31. gr. Barnasáttmálans, sem fjalla um rétt barna til þátttöku og hvíld, leik og tómstundir. Þessi aðferðafræði er til fyrirmyndar í innleiðingu réttinda og stuðlar að eflingu lýðræðislegrar menningar innan skólaumhverfisins.

Áhrif aðgerðarinnar eru þegar orðin sýnileg og jákvæð. Börn í hjólastól eða með aðrar hreyfihamlanir hafa nú greiðari aðgang að leiktækjum í sínu skólaumhverfi. Skólarnir hafa tekið vel í verkefnið og lýst því að þessi þróun hafi ekki aðeins bætt aðstæður fatlaðra barna, heldur líka eflt skilning og samkennd meðal annarra nemenda.

Í ljósi þess að verkefnið er enn í vinnslu, má búast við áframhaldandi jákvæðum áhrifum þegar tækin verða komin upp við fleiri stofnanir. Aðgerðin hefur einnig leitt af sér aukið samtal innan sveitarfélagsins um mikilvægi aðgengis og inngildingar í skipulagi almenningsrýma.



10. Aðgerð: Spjallaraverkefnið


Spjallaraverkefnið hefur það að markmiði að öll börn hafi aðgang að einhverjum sér eldri til að tala við. Eldri nemendur spjalla við yngri börn, hlusta á þau og tengjast þeim á jafningjagrundvelli, starfsmenn félagsmiðstöðvar spjalla við unglinga.

Verkefnið hófst að frumkvæði nemendaráðs Brekkubæjarskóla vorið 2023 þegar 6 nemendur úr 8. og 9. bekk tóku að sér að heimsækja 1.–4. bekk tvisvar sinnum yfir önnina, þar sem farið var í leiki og spjall við yngri börnin.

Á haustönn 2023 var myndaður sérstakur spjallarahópur sem hluti af starfsemi nemendaráðs. Hópurinn, sem samanstóð af sex nemendum, heimsótti 1.–3. bekk 2–3 sinnum. Verkefnið gaf góða raun og sótt var um styrk til mennta- og barnamálaráðuneytisins til að þróa það áfram. Þá var einnig stofnaður stýrihópur með fulltrúum skóla og þorpsins (félagsmiðstöðvar). Á vorönn 2024 hófu tveir starfsmenn þorpsins reglulegar heimsóknir í frímínútur beggja skóla til að eiga samtöl við unglinga.

Nýr spjallarahópur var myndaður á haustönn 2024. Verkefnið var kynnt öllum nemendum í 9. bekk og tólf nemendur sóttu um að taka þátt. Þau skiptu sér í þriggja manna hópa og tóku að sér bekk á yngsta stigi. Á vorönn 2024 hófst samstarf við Þórhildi Elínardóttur Magnúsdóttur og Viktor Orra Þorsteinsson, tómstunda- og félagsmálafræðinga, um fræðslu fyrir spjallara og hönnun handbókar fyrir verkefnið. Haldnir voru þrír fræðslufundir fyrir bæði yngri og eldri spjallara, þar sem rætt var um reynslu, áskoranir og leiðir. Spjallarar héldu áfram reglulegum heimsóknum í sína bekkja á milli funda. Gögn frá fundunum og ígrundun stýrihópsins eftir fundina liggja til grundvallar fyrir gerð handbókarinnar. Fyrstu drög að handbókinni eru væntanleg í maí 2025.

Frá upphafi hafa börn verið virkir þátttakendur í mótun og framkvæmd verkefnisins. Hugmyndin að verkefninu fæddist í nemendaráði og í upphafi var verkefnið í umsjón nemendaráðs, svo starfshóps nemendaráðs en varð í framhaldi að tilboði sem allir nemendur 9. bekkjar geta sótt um að taka þátt í. Börnin sem taka að sér að vera spjallarar hafa verið virkir þátttakendur í þróun verkefnisins. Reglulegt



samráð á sér stað milli stýrihóps og spjallaranna og var hluti fræðslufundanna nýttur til að ræða um framvindu verkefnisins, áskoranir og tækifæri og taka sameiginlegar ákvarðanir um áframhald.

Reynslan af verkefninu er mjög jákvæð. Spjallarar hafa fengið tækifæri til að nýta styrkleika sína, axla ábyrgð og verða virkir þátttakendur í skólasamfélaginu. Verkefnið stuðlar að valdeflingu barna, börn sem voru ekki á góðri leið hafa fengið að sanna sig og tengsl hafa skapast milli yngri og eldri nemenda. Eldri spjallarar eru orðnir traustar fyrirmyndir og hafa náð til barna sem eru félagslega einangruð. Einnig hefur sýnileiki starfsmanna Þorpsins á skólatíma skipt máli – unglingar treysta þeim og leita til þeirra.

Spjallarar eru meðvitaðir um mikilvægi hlutverksins og hafa eflt færni sína í samskiptum, lausnaleyti og því að vera talsmenn yngri barna. Börnin leita til þeirra, treysta þeim og finna stuðning í nærveru þeirra.

Hægt er að lesa meira um [spjallaraverkefnið](#) á heimasíðu Brekkubæjarskóla.



11. Aðgerð: Stækkun sleðabrekku

Aðgerð 11 sneri að því að stækka og bæta aðstöðu sleðabrekku á Akranesi í takt við endurteknar óskir barna. Verkefnið byggði beint á niðurstöðum barna- og ungmennapinga 2022 og 2023, þar sem börn komu fram með ítrekaðar tillögur um að bæta aðstöðu til útiveru, leiks og samveru yfir vetrartímann.

Með verkefninu var markmiðið að:

- bæta aðgengi barna að skemmtilegri og öruggri sleðabrekku,
- skapa vettvang fyrir hreyfingu og samveru utandyra á veturna,
- hlusta á og bregðast við beinum óskum barna í stefnumótun sveitarfélagsins.


Verkefnið var afmarkað í tíma og framkvæmdir fóru fram um sumarið **2024**, með það að markmiði að brekkan yrði tilbúin til notkunar veturinn 2024–2025.

Framkvæmd aðgerðarinnar gekk samkvæmt áætlun. Brekkan var stækkuð og fullgerð í júlí 2024, og tilbúin til notkunar fyrir vetrarstarf og leik barna sama ár.

Verkið var unnið í samstarfi við **Þrótt ehf.**, sem sáu um útfærslu og framkvæmd, og **skipulags- og umhverfisvið** sá um umsjón og eftirfylgni. Heildarkostnaður verkefnisins var áætlaður **4.000.000 kr.**, og framkvæmd lauk innan þess ramma.

Aðgerðin telst hafa náð settum markmiðum um að stækka sleðabrekku með öruggum og aðgengilegum hætti, í samræmi við þarfir barna og íbúa Akraneskaupstaðar.

Þátttaka barna var lykilþáttur í mótun aðgerðarinnar. Ósk um stækkun sleðabrekku kom skýrt fram bæði á **barna- og ungmennapingi 2022** og **2023**. Um var að ræða endurtekna, sameiginlega ósk frá börnum í bænum um að bæta aðstöðu til að renna í snjó. Aðgerðin byggir þannig á beinum röddum barna og er gott dæmi um lýðræðislega þátttöku í stefnumótun sveitarfélagsins. Með því að bregðast markvisst við óskum barna var ekki aðeins stuðlað að bættri aðstöðu, heldur einnig viðurkennd og eflandi reynsla fyrir börnin sem þátttakendur í samfélaginu. Þó börn hafi ekki komið að framkvæmd sjálfri, mótuðu þau forgangs röðun og ákvörðun um útfærslu verkefnisins.



Áhrif aðgerðarinnar eru strax orðin sýnileg. Börn hafa tekið brekkuna í notkun og nýtt sér aðstöðuna með mikilli ánægju. Hún hefur reynst hvetjandi fyrir útivist, samveru og hreyfingu, og styður þar með við almenn lýðheilsuþætti sem og rétt barna til leiks, hvíldar og þátttöku (sbr. 12. og 31. gr. Barnasáttmálans).

Aðgerðin hefur einnig haft jákvæð áhrif á viðhorf barna til samráðsferla – þar sem þau upplifa að rödd þeirra hafi raunveruleg áhrif. Sleðabrekkkan er orðin sýnilegt táknið um virka þátttöku og barnvæna stjórnsýslu á Akranesi.




12. Aðgerð: Ungmennaráð Akraness

Ungmennaráð Akraness var fyrst skipað árið 2005 og hefur verið starfandi allar götur síðan. Ráðið er skipað sjö fulltrúum ungmenna á aldrinum 13–25 ára og fundar það reglulega yfir árið. Ungmennaráðið tekur virkan þátt í skipulagningu og framkvæmd Barnapings, ber fram tillögur frá barnapingi til bæjarstjórnar á Bæjarstjórnarfundi unga fólksins, og á fulltrúa í Ungmennaráði Vesturlands. Með þessu hefur ráðið gegnt lykilhlutverki í að efla lýðræði og þátttöku barna og ungmenna í málefnum sveitarfélagsins.

Í tengslum við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og aðgerðaráætlun Akraneskaupstaðar 2023–2025 hefur starf ungmennaráðs verið styrkt og mótað með skýrara verklagi. Skóla- og frístundaráð samþykkti tillögur ráðsins um breytingar á erindisbréfi þess, sem meðal annars kveða á um skipan, starfshætti og hlutverk ráðsins í ljósi áherslna Barnasáttmálans. Ráðið skal, eins og kostur er, hafa frumkvæði að umfjöllun mála og sveitarfélagið getur óskað eftir álit þess eða falið því að standa fyrir viðburðum. Fundir ráðsins skulu haldnir a.m.k. sjö sinnum á ári og skráðir í formlega fundargerð sem lögð er fram í skóla- og frístundaráði. Forstöðumaður í þorpínu er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld og veitir ráðinu faglega aðstoð.

Á síðustu árum hefur ungmennaráðið tekið virkan þátt í mótun og framkvæmd aðgerða í aðgerðaáætlun Barnvæns sveitarfélags. Það hefur haft áhrif á ýmis verkefni sem tengjast réttindum barna, lýðræði og áhrifum ungmenna innan sveitarfélagsins. Með því að taka þátt í skipulagningu barnapinga, sem er árlegur viðburður, hefur ráðið skapað mikilvægan vettvang fyrir börn og ungmenni til að koma sínum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri.

Fulltrúar í ungmennaráði geta orðið þeir einstaklingar sem eiga lögheimili á Akranesi og eru á aldrinum 14 – 20 ára á árinu sem skipað er í ráðið hverju sinni. Í ungmennaráði skulu sitja 7 nefndarmenn. Að minnsta kosti þrír kjörnir nefndarmenn



koma af grunnskólastigi. Auglýst er eftir umsóknum til setu í ungmennaráði, þ.e. opið umsóknarferli fyrir öll ungmenni á Akranesi og er það gert í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar. Valnefnd undir stjórn forstöðumanns Þorpsins fer yfir umsóknir og skipar í ráðið. Í samræmi við jafnréttislög nr. 10/2008 skal hlutfall kynjanna vera sem jafnast. Fulltrúa í ungmennaráð skal skipa fyrir 15. september ár hvert. Ungmennaráð Akraness velur fulltrúa úr sínum röðum til setu í Ungmennaráði Vesturlands.

Áhrif aðgerðarinnar eru þegar farin að koma fram í aukinni þátttöku ungmenna í opinberri umræðu og ákvarðanatöku. Verklag hefur fest sig í sessi og þátttaka ungmenna við mótun samfélagsins er orðin sýnilegri og markvissari. Jafnframt hefur ráðið lagt áherslu á fræðslu og kynningu á starfsemi sinni, sem hefur skilað sér í aukinni vitundarvakningu bæði meðal ungmenna og stofnana bæjarins um hlutverk og mikilvægi ungmennaráðs. Þá eru tryggð jöfn tækifæri til setu í ráðinu með opnu umsóknarferli, þar sem valnefnd skipar fulltrúa með hliðsjón af jafnréttislögum og fjölbreytileika hópsins.

Í heild sinni hefur aðgerð 12 verið farsæl og markmið hennar um aukna þátttöku barna og ungmenna náðst með góðum árangri. Hún styður við grundvallarþætti Barnasáttmálans og hefur eftt áhrif barna innan sveitarfélagsins með formlegum og festum hætti.




13. Aðgerð: Skipan tengiliðs á fjármálasviði fyrir verkefni tengd barnavænu sveitarfélagi

Aðgerð 13 snýr að skipan tengiliðs á fjármálasviði sveitarfélagsins fyrir verkefni sem tengjast innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Markmið aðgerðarinnar var að tryggja skýra ábyrgð og eftirfylgni með fjárhagslegri þátttöku sveitarfélagsins í verkefnum sem miða að því að efla réttindi barna og samræma fjármögnun við þau markmið sem sett hafa verið í barnvænni stefnumótun bæjarins. Tengilið þessum er ætlað að styðja við þá sýn að réttindi barna séu samþætt í öllum þáttum stjórnsýslu, þar með talið í gerð fjárhagsáætlana og forgangsöröðun verkefna.

Tengiliður var skipaður árið 2024 og settur inn í verkefnin. Ljóst er að þegar hefur það markmið að skapa festu í samþættingu réttindahugsunar í fjármálastjórnun sveitarfélagsins og auka rekjanleika fjármögnunar barnatengdra verkefna náðst að því leyti að með aukinni ábyrgð ákveðins aðila og meiri yfirsýn er þekkingin þegar orðin meiri. Með þessu er stigið mikilvægt skref í átt að því að tryggja sjálfbærni og gæði í framkvæmd barnvænna aðgerða til framtíðar. Þátttaka barna í þessari tilteknu aðgerð var ekki bein, þar sem um var að ræða stjórnsýslulega innri aðgerð. Þó má álykta að börn hafi óbeint haft áhrif á forgangsöröðun verkefna – og þar með á mikilvægi aðgerðarinnar – í gegnum sína virkni og raddir á barna- og ungmennahópi og í annarri samráðsvinnu.

Áhrif aðgerðarinnar eru farin að koma fram í meiri yfirsýn yfir fjármögnun barnatengdra verkefna og aukinni samræmingu innan stjórnsýslunnar, en til að meta áhrifin af fullri nákvæmni verður framkvæmt nánara mat og greint hvernig hlutverk tengiliðsins hefur verið útfært í daglegu starfi og hvort það hafi skilað sér í breyttri framkvæmd eða forgangsöröðun í fjárhagsáætlunargerð.



Aðgerðin styður við nokkrar meginreglur Barnasáttmálans, þar á meðal 3. grein um að allar ákvarðanir sem varða börn skuli byggjast á því sem er barninu fyrir bestu; 4. grein sem fjallar um skyldu yfirvalda til að tryggja framkvæmd réttinda barna; 12. grein um rétt barna til að tjá sig og hafa áhrif; og 27. grein sem kveður á um rétt barna til lífsskilyrða sem styðja við heildrænan þroska þeirra. Með því að samþætta þessi gildi í fjárhagslegar ákvarðanir og stjórnsýslu stuðlar aðgerðin að því að réttindi barna verði raunverulega höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun sveitarfélagsins.



14. Aðgerð: Bæjarhátíðir í barnvænu sveitafélagi


Aðgerðin miðaði að því að gera bæjarhátíðina Írska daga á Akranesi barnvænni og fjölskyldumiðaðri í samræmi við markmið Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og menningarstefnu Akraneskaupstaðar. Veturinn 2023–2024 var settur á laggirnar starfshópur með þátttöku kjörinna fulltrúa, starfsmanna Akraneskaupstaðar og hagaðila, m.a. frá barnavernd, heilbrigðisstofnun og lögreglu. Framkvæmd var ítarleg SVÓT-greining og haft samráð við fjölbreyttan hóp íbúa og stofnana.

Í kjölfarið voru settar fram markvissar úrbætur með það að leiðarljósi að bæta öryggi barna og gera hátíðina aðgengilegri fyrir fjölskyldur. Má þar nefna breytingar á aldurstakmörkum á tónleikum og tjaldsvæði, aukna gæslu og viðveru starfsmanna frá barnavernd og frístundamiðstöðinni Þorpinu, og samþykkt aukafjárveitinga til að tryggja viðveru starfsfólks félags- og velferðarþjónustu á hátíðardögum. Tímarammi aðgerðarinnar var árið 2024, með áherslu á að verklag verði fest í sessi til framtíðar.

Öllum helstu þáttum aðgerðarinnar tókst að framfylgja innan tímarammans. Áætlanir voru útfærðar í samstarfi við viðeigandi stofnanir og svið, kostnaðargreiningar voru framkvæmdar og viðbragðsaðilar virkjaðir. Breytingar voru samþykktar og unnið markvisst að því að innleiða þær í undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar 2024.

Markmiði aðgerðarinnar, sem laut að því að auka öryggi barna og fjölskyldna á bæjarhátíð, var að verulegu leyti náð. Með markvissum breytingum á skipulagi viðburða og aukinni viðveru fagfólks var stigið stórt skref í átt að öruggara og barnvænna umhverfi. Áherslan á fjölskyldumiðaða dagskrá og forvarnarvinnu hefur jafnframt stuðlað að betri upplifun fyrir börn og ungmenni.

Í ferlinu var lögð áhersla á samráð við foreldrafélög, barnavernd og ungmennaráð Akraness. Með þessum hætti var tryggt að sjónarmið barna og ungmenna næðu eyrum þeirra sem komu að ákvarðanatöku. Umsagnir og ábendingar frá þessum aðilum höfðu bein áhrif á þær úrbætur sem lagðar voru til og innleiddar. Þátttaka barna og ungmenna fólst þannig í áhrifavaldi þeirra á mótun barnvænnar hátíðar.



Áhrif aðgerðarinnar eru þegar farin að koma í ljós. Fram hefur komið að fjölskyldur á Akranesi upplifa aukið öryggi og skýrari umgjörð um dagskrá hátíðarinnar. Samþykkt aukafjárveitinga og aukin viðvera fagfólks á vettvangi hafa bætt viðbragðsgetu og stuðlað að faglegri umgjörð. Þá hefur meðvitund um mikilvægi forvarna og þátttöku barna aukist meðal viðburðahaldara og hagaðila. Aðgerðin hefur þannig haft jákvæð áhrif á bæði framkvæmd og ímynd hátíðarinnar sem öruggs vettvangs fyrir börn og fjölskyldur – í samræmi við stefnu Akraneskaupstaðar um menningarlegt uppeldi barna og aukin tækifæri til þátttöku í menningarlífi samfélagsins.




15. Aðgerð: Barna- og ungmennaping – verklag

Aðgerð 15 snerist um að festa í sessi verklag barna- og ungmennapings á Akranesi sem hluta af lýðræðislegri þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þingið hefur það meginmarkmið að skapa vettvang þar sem börn og ungmenni fá tækifæri til að tjá skoðanir sínar á mállefnum sem varða þau og hafa raunveruleg áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku innan sveitarfélagsins.

Verklag þingsins hefur verið þróað í samstarfi við grunnskóla bæjarins, frístundamiðstöðina Þorpið, ungmennaráð og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Þátttakendur á þinginu eru valdir með sjálfboðavali úr hverjum árgangi og fá allir nemendur ítarlega kynningu og góðan undirbúning fyrir þátttöku. Þingið fer fram árlega í október eða nóvember og hefur verið formlega sett inn í skóladagatal grunnskólanna, sem tryggir festu og skipulagningu í framkvæmd þess.

Framkvæmd aðgerðarinnar hefur gengið afar vel. Barna- og ungmennaping voru haldin árin 2022, 2023 og 2024 með virku samstarfi og vaxandi þátttöku barna, og undirbúningur fyrir þing ársins 2025 hefst strax við upphaf skólaársins 2025-26. Ungmennaráð hefur haft lykilhlutverk í undirbúningi og framkvæmd þingsins, meðal annars við val umræðuefna, gerð spurninga og í hlutverki umræðustjóra á þinginu. Nemendur í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi hafa jafnframt tekið þátt sem ritarar. Þessi þátttaka barna tryggir merkingarbæra rödd þeirra í ákvörðunum, í anda 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Árangur aðgerðarinnar er þegar farinn að sjást í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Ályktanir barnapings hafa farið fyrir öll ráð og nefndir bæjarins og verið samþykktar í bæjarráði. Ýmsar hugmyndir frá börnum hafa jafnframt ratað inn í aðgerðaáætlun bæjarins og verið teknar til úrvinnslu og framkvæmdar, svo sem tillögur um bætt aðgengi að frístundastarfi og aðstöðu fyrir börn. Mikil tilhlökkun er fyrir þinginu meðal barna og starfsfólks skólanna og hefur þingið fest sig í sessi sem mikilvægt lýðræðisverkfæri innan samfélagsins á Akranesi.



16. Aðgerð: Samskiptavettvangur barna og sveitarfélagsins

Aðgerð 16 snýst um að koma á fót markvissum og reglulegum samskiptavettvangi milli barna og stjórnenda sveitarfélagsins. Hugmyndin að baki aðgerðinni kom fram á barna- og ungmennapingi sem haldið var 7.–9. nóvember 2023, þar sem hátt í 200 börn og ungmenni úr grunn- og framhaldsskólum Akraness tóku þátt. Þar var samþykkt ályktun þar sem börn og ungmenni áréttuðu mikilvægi þess að fá að tjá sig um málefni sem þau varða og að þeirra raddir séu teknar alvarlega.

Í ályktun þingsins kom fram eindregin ósk um að stofnaður verði virkur samskiptavettvangur þar sem börn og ungmenni geti reglulega komið sjónarmiðum sínum á framfæri við stjórnendur og fulltrúa bæjarins. Þau lögðu áherslu á að þeim séu veittar skýrar og aðgengilegar upplýsingar um það hvernig tekið er á móti ábendingum þeirra, hvaða afgreiðslu þær fá og hvaða breytingar þær leiða til. Einnig komu fram hugmyndir um að bæjarfulltrúar og starfsmenn sveitarfélagsins komi reglulega inn í skóla til að eiga samtal við börn og ungmenni í þeirra eigin umhverfi.


Aðgerðin er í þróun og byggir á víðtæku samstarfi allra sviða sveitarfélagsins ásamt kjörnum fulltrúum. Undirbúningur hefur hafist með formlegri samþykkt ályktunar barnapingsins og hefur vinnuhópur barna- og ungmennapings haft umsjón með áframhaldandi þróun. Verkefnið nær yfir tímabilið 2023–2025, og krefst samræmds vinnuframlags bæði starfsmanna og kjörinna fulltrúa. Til að tryggja markvissa framkvæmd hefur sveitarfélagið ákveðið að grípa til eftirfarandi úrbóta, byggða á ályktun barnapingsins:

1. **Formlegur samskiptavettvangur** verður settur á laggirnar með reglulegum fundum að lágmarki tvisvar á ári. Fulltrúar barna, ungmenna og sveitarfélagsins hittast til að ræða málefni sem snerta börn og ungmenni og veita upplýsingar um stöðu mála og framvindu verkefna.
2. **Rafrænar samskiptaleiðir** verða þróaðar þar sem börn geta sent inn ábendingar, spurningar og hugmyndir. Svör verða birt reglulega á aðgengilegan og barnvænan hátt.



3. **Skipulagt samtal í skólum** með reglulegum heimsóknnum bæjarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins inn í skóla, þar sem samtal við börn og ungmenni fer fram í þeirra eigin umhverfi.
4. **Skýrt verklag um meðferð ábendinga** verður útbúið og kynnt fyrir börnum, þar sem útskýrt er hvernig tekið er á móti ábendingum, hvaða ferli fer í gang og hvernig börn fá svör.
5. **Vettvangurinn verður fastur liður í skólastarfi**, með aðkomu tengiliða innan skólanna sem styðja börn í þátttöku og tryggja samfellu og virkni í verkefninu.

Þessar úrbætur eru mikilvæg skref í átt að því að skapa varanlegan og áhrifaríkan samskiptavettvang sem stuðlar að þátttöku barna í lýðræðislegu samfélagi. Með þeim er stuðlað að raunverulegri innleiðingu 12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til að tjá sig og hafa áhrif á þau málefni sem þau varða.





17. Aðgerð: Yfirfara stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar m.t.t. réttinda barna

Markmið aðgerðar 17 er að yfirfara allar stefnur og áætlanir Akraneskaupstaðar með sérstakri áherslu á að þær taki mið af réttindum barna, fjölbreytileika og inngildingu, auk þess að tryggja sýnileika Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllum stefnumótandi skjölum sveitarfélagsins. Aðgerðin byggir á niðurstöðum stöðumats sem fram fór í tengslum við verkefnið Barnvænt sveitarfélag, þar sem kom í ljós skýr þörf fyrir heildstæða yfirferð til að tryggja að réttindi barna séu áberandi og leiðarljós í allri stefnumörkun bæjarins.

Verkefnið nær yfir árin 2024 og 2025, og felur í sér að sviðsstjórar allra sviða sveitarfélagsins fari yfir stefnu- og áætlunarskjöl á sínu ábyrgðarsviði með markvissum hætti. Markmiðið er að ljúka yfirferðinni og kynna uppfærðar stefnur og áætlanir opinberlega í lok árs 2025. Fjárpörf verkefnisins felst aðallega í vinnuframlagi starfsfólks, þar sem ekki er gert ráð fyrir beinum fjárútlátum utan hefðbundins rekstrar.

Árangursviðmiðin eru skýr: Að lokinni yfirferð verður tryggt að allar stefnur endurspegli skuldbindingu sveitarfélagsins við réttindi barna og að Barnasáttmálinn sé sýnilegur í orðræðu, verklagi og áherslum allra sviða. Þessi aðgerð er mikilvægur liður í því að festa mannréttindasjónarmið barna í sessi sem hluta af innra starfi sveitarfélagsins og tryggja að stefnumótun sé í takt við alþjóðlegar skuldbindingar um réttindi barna.





Innleiðing verkefnisins Barnvæn sveitarfélög – reynsla


Akraneskaupstaður

Innleiðing Barnasáttmálans á Akranesi hefur haft veruleg og mælanleg áhrif á starfsemi sveitarfélagsins. Í kjölfar ítarlegs stöðumats, mótunar og framkvæmdar aðgerðaáætlunar fyrir árin 2023–2025 hafa orðið varanlegar breytingar á vinnulagi, áherslum og verklagi innan stjórnsýslunnar. Sérstaklega ber að nefna aukna meðvitund og þekkingu starfsfólks á réttindum barna, tilkomu nýrra verkferla sem efla þátttöku barna og þróun á þjónustu sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum barna og fjölskyldna þeirra.

Heppnuðust margir þættir vel. Sérstaklega má nefna réttindafræðslu fyrir börn og starfsfólk, virkni barna- og ungmennapínga og nýja vettvanga fyrir lýðræðislega þátttöku. Verkefni á borð við farsælt frístundastarf fyrir börn með stuðningsþarfir, þýðingu upplýsingabæklinga á mörg tungumál, útikennslusvæði og reglubundin barna- og ungmennapíng hafa eflt félagslegt aðgengi, aukið virkni barna og dýpkað traust á stjórnsýslunni. Þó eru áskoranir áfram til staðar, m.a. varðandi að tryggja skýrari verkferla fyrir þátttöku barna og tryggja að fræðsla nái til allra hópa starfsfólks.

Við samtöl við stýrihóp og ungmennaráð kom fram að stýrihópurinn metur að margt hafa tekist vel. Þar á meðal er aukin meðvitund innan stjórnsýslu um mikilvægi réttinda barna og skýrari nálgun í samþættingu þjónustu. Meðlimir ungmennaráðs lýstu jákvæðri reynslu af þátttöku sinni og fundu að rödd þeirra voru tekin alvarlega, einkum í skipulagningu barna- og ungmennapíngs og þróun hugmynda sem urðu að raunverulegum aðgerðum. Þó komu fram óskir um að ráðið hefði skýrari hlutverk og meiri stuðning.

Fullorðnir í stýrihópnum telja að börn og ungmenntu hafi fengið aukin tækifæri til þátttöku, sérstaklega í gegnum barna- og ungmennapíng og könnunarvinnu. Þeir telja þó mikilvægt að festa þátttökuna frekar í sessi og skilgreina hvernig rödd barna komi reglulega að stefnumótun. Ungmennaráð lýsti því að tækifærin sem sköpuðust til



Þátttöku hafi verið dýrmæt, sérstaklega á barnaþingum þar sem þau fengu að leiða umræðu og sjá að tillögur þeirra hefðu áhrif. Samtalið sýnir að ungmennin upplifðu að þau væru hluti af einhverju stærra, sem hefði raunverulegt gildi.


Verkefnið stuðlaði vissulega að barnvænni stjórnsýslu. Það kom í ljós að samþætting við innleiðingu farsældarlaga styrkti nálgunina og kallaði fram samráð þvert á svið sveitarfélagsins. Verkefnið náði að sameina skólakerfið, velferðarþjónustu og stjórnsýslu í kringum réttindi barna með áherslu á inngildingu og þátttöku. Árangur þessa samstarfs birtist m.a. í aukinni vitund, breyttum vinnubrögðum og meiri tilfinningu meðal barna fyrir því að þau skipti máli.

Íbúar sveitarfélagsins tóku eftir innleiðingunni á ýmsan hátt. Margvíslegar aðgerðir voru kynntar opinberlega, s.s. með bæklingum, auglýsingum á samfélagsmiðlum, barnaþingum og í skólastarfi. Foreldrar lýstu ánægju með frístundastuðning, aukið aðgengi að upplýsingum og aðgerðir sem náðu sérstaklega til barna með fjölbreyttan bakgrunn.

Lærdómurinn sem dreginn hefur verið af innleiðingunni er að þátttaka barna verður að byggja á raunverulegum tækifærum til að hafa áhrif. Það krefst stöðugrar fræðslu, festu í verklagi og viðvarandi samráðs. Mikilvægt er að halda áfram með þá vettvanga sem hafa reynst vel, s.s. barnaþing, ungmennaráð og sérfræðihópa barna, og að koma á skýrum ferlum sem tryggja að raddir barna nái eyrum þeirra sem taka ákvarðanir.

Í næsta innleiðingarhring er brýnt að festa viðvarandi samráð barna í sessi, styrkja hlutverk ungmennaráðs, tryggja reglulega fræðslu til starfsfólks og samræma vinnulag milli sviða. Þá þarf að huga að aðgengi að þátttöku fyrir fjölbreytta hópa barna, s.s. börn með fötlun, börn af erlendum uppruna og börn í viðkvæmri stöðu.

Að lokum má fullyrða að Akraneskaupstaður hafi með þessu verkefni lagt traustan grunn að barnvænni stjórnsýslu og samfélagi þar sem réttindi barna eru virt, rödd þeirra heyrð og börnin sjálf orðin virkir þátttakendur í mótun samfélags síns. Þetta er dýrmæt arfleifð sem ber að rækta áfram.



Barnaskýrsla


Við í ungmennaráði Akraness höfum frá upphafi tekið þátt í verkefninu Barnvænt sveitarfélag og viljum hér miðla okkar upplifun og mati á því hvernig verkefnið hefur gengið og haft áhrif á börn og ungmenni í bænum okkar.

Við höfum tekið þátt í stýrihópi verkefnisins, komið að svörun spurningalista og verið virkir þátttakendur í skipulagningu og framkvæmd barna- og ungmennapínga. Við höfum fundið að raddir barna skipta máli – en við vitum líka að það þarf að tryggja að hlustað sé á raddir okkar í alvöru, og að við fáum tíma og tækifæri til að hafa áhrif áður en ákvarðanir eru teknar.

Okkur fannst aðgerðaáætlunin sem sett var fram vera góð og metnaðarfull. Við lögðum áherslu á að við værum hluti af framkvæmd ákveðinna aðgerða, eins og skipulagningu bæjarhátíða og barnapínga. Við töldum líka mikilvægt að haft væri samband við okkur tímanlega og við fengjum raunveruleg tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðunartöku. Það skiptir máli að við séum ekki bara táknræn við borðið – heldur að við fáum að hafa áhrif.

Við fögnum því að í verkefninu var lögð áhersla á aukna fræðslu – bæði fyrir börn og ungmenni en líka fyrir foreldra. Við höfum lengi kallað eftir meiri og betri fræðslu um andlega heilsu, kynfræðslu og fíknivanda. Einnig viljum við að foreldrar fái stuðning og fræðslu, sérstaklega þegar kemur að því að setja börnum mörk og veita þeim leiðsögn. Við vildum líka leggja til að ungmenni sjálf gætu tekið þátt í að búa til fræðslu fyrir foreldra – því stundum skiptir það máli að heyra röddina okkar og reynslu beint.

Við erum með mikinn metnað til að auka sýnileika ráðsins og höfum sett okkur það markmið að opna samfélagsmiðla, hvetja börn og ungmenni til að hafa samband við okkur og spyrja spurninga sem við getum komið áfram til bæjarins. Við viljum líka fá fleiri mál send til umsagnar – því þannig getum við haft áhrif á það sem er í gangi í sveitarfélaginu okkar.




Við viljum að barnaþingið verði eftt og haldið tvisvar á ári. Það er dýrmætur vettvangur þar sem við fáum að tjá okkur og leggja fram hugmyndir. En við söknum þess að bæjarstjórn mæti og taki þátt í samtalinu – því þetta er frábært tækifæri til að eiga beint samtal við þá sem taka ákvarðanir. Við viljum líka halda fleiri bæjarstjórnarfundum unga fólksins – þar sem við fáum að stýra og setja mál á dagskrá.

Við teljum að það þurfi að efla samskipti milli barna og þeirra sem stjórna í sveitarfélaginu. Það má t.d. gera með því að koma í skólana okkar, nýta samfélagsmiðla betur og spyrja börn reglulega hvað þau vilja og hvernig þeim líður.

Við í ungmennaráði erum tilbúin til að halda áfram þessari vegferð. Við viljum að Akranes verði áfram Barnvænt sveitarfélag – ekki bara á blaði heldur í raunveruleikanum. Við viljum vera virkir þátttakendur og hluti af lausnunum.

Ungmennaráð Akraness

Skýrslu ungmennaráðs Akraness var einnig skilað í formi myndbands.



Samantekt

Verkefnið *Barnvæn sveitarfélög* hefur gengið afar vel á Akranesi. Frá upphafi hefur Akraneskaupstaður sýnt metnað og markvissa sýn í innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi við UNICEF á Íslandi. Verkefnið hefur verið framkvæmt með víðtæku samráði við börn og ungmenni, stöðugri greiningu og ítarlegri aðgerðaáætlun. Markmiðin hafa beinst að því að tryggja virka þátttöku barna, bæta aðgengi að þjónustu, efla fræðslu um réttindi barna og styrkja inngildingu í samfélaginu.

Fjöldi aðgerða hefur þegar skilað sýnilegum árangri. Biðlistar eftir stuðningsþjónustu fyrir börn hafa styst verulega og börn með stuðningsþarfir taka nú virkan þátt í frístundastarfi með jafnöldrum sínum. Réttindafræðsla og lýðræðisleg þátttaka barna hefur verið eflað með árangursríkum verkefnum á borð við Draumaskólann, Spjallaraverkefnið og árleg barna- og ungmennahring. Með markvissri útgáfu upplýsingabæklinga á mörgum tungumálum hefur þátttaka barna af erlendum uppruna aukist og móttaka nýrra fjölskyldna orðið persónulegri og skilvirkari. Þá hefur verið komið á fjölbreyttri fræðslu fyrir starfsfólk og foreldra, sem hefur styrkt forvarnir og aukið meðvitund um réttindi barna og skyldur fullorðinna.

Verkefnið hefur einnig leitt af sér ný vinnubrögð og meiri samhæfingu í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Þátttaka barna hefur orðið sýnileg og áhrifamikil, og þau upplifa að rödd þeirra hafi raunverulegt vægi. Verkefnið hefur þannig stuðlað að auknu trausti, samstöðu og valdeflingu innan samfélagsins.

Þrátt fyrir jákvæðan árangur hafa komið upp áskoranir, einkum varðandi skort á skýrum verkferlum sem tryggja merkingabæra þátttöku barna. Þá kom í ljós að þekking barna á réttindum sínum er víða takmörkuð, og ekki allir vita hvert þau geta leitað þegar þeim líður illa. Enn fremur þarf að bæta innviði og tryggja aðgengi fyrir öll börn, óháð aðstæðum þeirra. Einnig krefst sjálfbærni verkefna frekari þróunar á samhæfingu



og yfirsýn innan stjórnsýslunnar, sérstaklega með tilliti til fjármögnunar og langtímastefnu.

Framtíðarsýn Akraneskaupstaðar byggir á áframhaldandi þróun og festu. Verkefnið er ekki tímabundin aðgerð heldur stöðugt umbótaverkefni sem miðar að því að samþætta réttindi barna í alla þætti stefnumótunar og þjónustu. Fyrirhugað er að viðhalda lýðræðislegri þátttöku barna, þróa markvissa eftirfylgni, efla samráð og styrkja innviði. Með því að byggja á þeirri traustu undirstöðu sem nú er til staðar og viðhalda virku samstarfi barna og fullorðinna, er unnt að tryggja að Akranes verði áfram barnvænt samfélag þar sem réttindi barna eru virt og rödd þeirra heyrð.

